

51. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 23. júlí 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalbjörn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar SSNV frá 24. júní 2008
 - b) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 9. júlí 2008
 - c) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. júlí 2008
 - 2. Boðun aðalfundar Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.**
 - 3. Leikskólinn á Blönduósi**
 - 4. Aðstaða Hvatar í íþróttahúsi**
 - 5. Erindi frá Hafnasambandi Íslands frá 30. júní 2008**
 - 6. Framkvæmdir við Hnjúkabyggð**
 - 7. Árbakkinn**
 - 8. Húsnæðismál**
 - 9. Erindi frá Jónasi Þ. Sigurgeirssyni frá 17. júlí 2008**
 - 10. Erindi frá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda frá 10. júní 2008**
 - 11. Umsögn endurskoðenda um fjárfestingu sveitarfélagsins vegna byggingu sundlaugar frá 8. júlí 2008**
 - 12. Umsögn um leyfi til rekstrar veitingastaðar**
 - 13. Samantekt vinabæjarmóts í Karlstad**
 - 14. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

- 1. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar SSNV frá 24. júní 2008
Lögð fram til kynningar
 - b) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 9. júlí 2008
Lögð fram til kynningar og samþykkt samhljóða
 - c) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. júlí 2008
Lögð fram til kynningar og samþykkt samhljóða
- 2. Boðun aðalfundar Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.**
Boðað hefur verið til aðalfundar Félagsheimilisins á Blönduósi ehf. þann 6. ágúst n.k. kl. 17:00.

Bæjarráð samþykkir að Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson fari með atkvæði Blönduóssbæjar á aðalfundinum.
- 3. Leikskólinn á Blönduósi**
Erindi frá starfsmanni Leikskólans á Blönduósi þar sem óskað er eftir námsleyfi á launum.

Bæjarráð samþykkir erindið og bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við starfsmanninn.

4. Aðstaða Hvatar í íþróttahúsi

Hvöt hefur verið með aðstöðu í norðurenda íþróttahússins en þarf að víkja vegna framkvæmdar við sundlaug.

Bæjarráð samþykkir að Hvöt fái herbergi í kjallara Húnabrautar 6 til ráðstöfunar.

5. Erindi frá Hafnasambandi Íslands frá 30. júní 2008

Hafnasamband Íslands boðar til 36. hafnarsambandsþings daganna 25. og 26. september 2008.

Lagt fram til kynningar.

6. Framkvæmdir við Hnjúkabyggð 33

Framkvæmdir við Hnjúkabyggð 33 munu hefjast á næstunni. Byrjað verður á að mála húsið að utan og því næst verður planið að austanverðu malbikað.

Kostnaðarhlutdeild Blöndussbæjar í framkvæmdinni er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

7. Árbakkinn

Bæjarstjóri kynnti drög að kaupsamningi að húsnæði Húnabraut 2 „Við Árbakkann“.

Afgreiðslu frestað til næsta bæjarráðsfundar.

8. Húsnæðismál

Bæjarstjóra falið að selja Skúlabraut 45.

9. Erindi frá Jónasi Þ. Sigurgeirssyni frá 17. júlí 2008

Farið er fram á að Blönduóssbær styrki kaup á vefmyndavélum sem fyrirhugað er að staðsetja á flugskýlinu á Blönduósi.

Bæjarráð samþykkir kr. 180.000 styrk að því gefnu að rekstrarkostnaður vefmyndavélarinnar falli ekki á Blönduóssbæ.

10. Erindi frá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda frá 10. júní 2008

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda tilnefnir í Gróður-og Náttúruvernd Austur-Húnavatnssýslu samkvæmt beiðni oddvita Skagabyggðar. Nefndin tilnefnir sem fulltrúa Blönduóssbæjar í Gróður- og náttúrunefnd Austur-Húnavatnssýslu:

Aðalmaður: Þórður Pálsson Blönduósi

Varamaður: Anna Margrét Jónsdóttir Sölvabakka

Bæjarráð samþykkir að tilnefninguna.

Kári Kárasón situr hjá við afgreiðslu málsins.

11. Umsögn endurskoðenda um fjárfestingu sveitarfélagsins vegna byggingu sundlaugar frá 8. júlí 2008

Bæjarstjórn hefur óskað eftir umsögn endurskoðenda um áhrif byggingar sundlaugar á fjárhag sveitarfélagsins. Umsögnin liggur nú fyrir. Í umsögninni kemur fram að fjárfesting vegna sundlaugarbyggingingar muni ekki ein og sér hafa þau áhrif á rekstur og fjárhag sveitarsjóðs, að ástæða sé til sérstakra aðgerða í rekstri eða

fjármögnun hans, umfram það sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir árið 2008 og þriggja ára fjárhagsáætlunar fyrir árin 2009 til 2011.

12. Umsögn um leyfi til rekstrar veitingastaðar

Bæjarráð mælir með að leyfið verði veitt.

13. Samantekt vinabæjarmóts í Karlstad

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar sem komu fram í samantektinni.

14. Önnur mál

a) Fundargerð skipulags,- byggingar- og veitunefndar frá 17. júlí 2008

Lögð fram til kynningar og samþykkt samhljóða

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:35

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Héðinn Sigurðsson(sign.)

Kári Kárason(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson(sign.)

Arnar Þór Sævarsson(sign.)